



Fundargerð nr. 35

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg fundarsalur
Fundardagur: Þriðjudagur 26.08.2025
Fundartími: 8:15-10:00
Fundarmenn: Haraldur Einarsson, formaður
Heimir Rafn Bjarkason
Hjalti Guðmundsson
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson, oddviti
Pálmi Þormóðsson, verkefnastjóri verklegra framkvæmda boðaði forföll
Börkur Brynjarsson ráðgjafi í fjarfundi

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Verkefni og staða hjá Pálma Þormóðssyni, verkefnastjóra, í sumar og haust

a. Dæluhús við Uppsali

Búið er að steypa, veggir verðar reistir á næstu dögum.

Í haust verður klárað að reisa húsið og ganga frá því að fullu ásamt því að ganga frá öllum tækjabúnaði og tengja. Einnig ganga frá ljósleiðaratengingu vegna vöktunarkerfis.

Næsta árs verkefni (2026) að undirbúa heimtaugar sem á að færa yfir á nýrri stofninn og afleggja svo eldri stofninn.

Börkur Brynjarsson gangi frá pöntun á öllum tækjabúnaði og skipulagi vegna uppsetningar og Guðmundur Daníelsson gangi frá tengingum vegna vöktunarkerfis. Gert verði ráð fyrir að ljúka framkvæmdum við stofninn og heimtaugar í fjárhagsáætlun 2026.

b. Körfuboltavöllur

Jarðvegsframkvæmdum er lokið í bili.

Nefndin bendir á að það þurfi að skoða hvernig veita skuli yfirborðsvatni frá körfuboltavellinum þar sem núverandi frágangur muni safna vatni á milli vallarins og húsi skólavistunar.

Vorið 2026 verður farið í að malbika völlinn, færa núverandi körfur og bæta við tveimur körfum á endann. Einnig verður sett girðing í kring en búið er að fá verð í girðingu.

Pálmi Þormóðsson skoði lausnir varðandi söfnun yfirborðsvatns frá vellinum og komi með tillögur til nefndarinnar fyrir næsta fund.

c. Brandshús - fráveita

Lagnir verða myndaðar 29.08.2025. Mikilvægt er að aðskilja regnvatnslagnir frá frárennsli húsanna.

Pálmi Þormóðsson haldi áfram með málið sem verði undirbúið í haust og vetur og verði klárað vorið 2026.

d. Þingborg breytingar

Framkvæmdir hefjast 1. september og er verið að áætla um 2 mánuði í framkvæmdum. Búið er að fá verktaka til að sjá um niðurrif og smíðavinnu, sögun, steypu á plötu, raflagnir og smíði á bita og súlum. Ákveða þarf lit sem á að fara á



gólfið þar sem það tekur um 8 vikur að fá dúk frá söluaðila. Einnig þarf að ákveða klæðningu á veggina.

Nefndin leggur áherslu á að byggingastjóri/verkefnastjóri setji niður skriflega tímaáætlun sem verktakar undirriti í upphafi. Einnig leggur nefndin áherslu á að framkvæmdafundur verði haldnir á verktímanum sem sveitarstjóri og byggingarstjóri myndu sitja með fulltrúum verktaka.

Að mati nefndarinnar þarf að undirbúa framkvæmdirnar vel þannig að allt gangi vel þegar verktakar eru mættir á staðinn. Sérstaklega verði hugað að því að afmarka framkvæmdasvæði svo að húsið verði ekki allt fyrir áhrifum.

Pálmi Þormóðsson skili inn skriflegri tímaáætlun verkefnisins til nefndarinnar og stilli upp reglulegum framkvæmdafundum.

e. Innmælingar á lögnum í vatnsveitu / kortagrunnur

Pálmi Þormóðsson hefur eytt nokkurri vinnu í að læra á og vinna með mælitækið sem sveitarfélagið á.

Skoða þarf hvaða leið sveitarfélagið vill fara í innmælingum á lögnum þ.e. hvort sveitarfélagið sé sjálft að skaffa aðila í innmælingar eða kaupi þjónustuna annarsstaðar frá.

Nefndin óskar eftir því að settur verði upp verkferill varðandi innmælingar á lögnum og bilunum/viðgerðum. Þar komi fram hvert ferlið sé frá því að gps punktur er tekinn og þar til hann er kominn í birtingu inni á kortasjá.

Pálmi Þormóðsson setji upp drög að verkferli í samráði við sveitarstjóra.

Sveitarstjóri kannar hvernig nágrannasveitarfélög eru að hátta innmælingum.

f. Bréf á hönnuði vegna Flóaskóla

Bréf var sent um miðjan ágúst á nokkra aðila og óskað eftir tilboðum eigi síðar en í lok dags 31. ágúst vegna hönnunar á viðbyggingu við Flóaskóla

g. Áhaldahús

Pálmi Þormóðsson hefur verið í samskiptum við lóðarleiguhafa vegna byggingar á iðnaðarbilum í Heiðargerði 6. Lóðarleiguhafar eru að láta gera nýjar teikningar þar sem vegghæð er meiri en í fyrri drögum.

Flóahreppur hefur lýst yfir áhuga á kaupum á tveimur bilum en þar sem loka teikningar eða skilalýsing liggur ekki fyrir þá hefur ekkert verið staðfest formlega eða undirritað.

Pálmi Þormóðsson mun hitta lóðarleiguhafa í lok vikunnar til að taka stöðuna á málinu.

2. Verkefni hjá Berki Brynjarssyni, ráðgjafa hjá Eflu

a. Huldu og Maríuhólar

Eru búnir að leggja lagnir í Maríuhóla og eru byrjaðir á Hulduhólum. Taka þarf stofninn frá endanum við veginn að frístundabyggðinni í Merkurhrauni og tengja við Huldu- og Maríuhóla. Töluvert af lögnum eru á þessum kafla og því mælir Börkur Brynjarsson með því að skoða vegþverun yfir Skeiðavegin og svo aftur yfir við Huldu- og Maríuhóla.

Börkur Brynjarsson skoði kostnað við vegþverun yfir Skeiðavegin og taki málið áfram með verktaka sem vinnur að lagningu vatnsveitunnar á svæðinu fyrir Flóahrepps. Börkur sendi upplýsingar á sveitarstjóra og formann nefndarinnar.

b. Þjórsár- og Fossabraut

Börkur búinn að senda upplýsingar á Rarik eins og rætt var um á samráðsfundi með framkvæmdaaðila og veituaðilum.

c. Stofnlögn við Lækjarbakka/Eystri Loftsstaði



Vegna uppbyggingar á íbúðarhúsnæði á Eystri Loftsstöðum og umsóknar um nýtengingu er þörf á að skoða hvaða leið er æskilegt að fara varðandi stofninn við Villingaholtsveg.

Nefndin leggur til að 90 mm stofnlögn verði lögð meðfram Villingaholtsvegi frá Eystri Loftsstöðum (þar sem sótt hefur verið um nýtengingu vatns) og að Loftsstöðum Vestri.

Gera þarf ráð fyrir því að leggja nýjan 90mm stofn frá Gaulverjabæ sem tengist inn á ofangreindan stofn sem lagður verður núna í haust. Sú framkvæmd var upphaflega áætluð á árinu 2024 en náðist ekki að klára hana þá.

Ef ljóst er að fjármagn er til staðar og tími verktaka til að taka stofninn alveg frá Gaulverjabæ og að Eystri Loftsstöðum þá er lagt til að það verði klárað í haust og stofninn svo tekinn áfram að Fljótshólum á árinu 2026. Ef ekki er nægt fjármagn á árinu 2025 til að fara frá Gaulverjabæ að Eystri Loftsstöðum þá verði farið í það ásamt áframhaldandi 90mm stofni að Fljótshólum á árinu 2026.

Börkur Brynjarsson ræðir við verktaka í vatnsveitunni vegna málsins.

d. Handbók vegna vatnsveitunnar

Börkur Brynjarsson fundar 27.08.2025 með starfsmanni Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna yfirferðar á handbókar vegna vatnsveitu en drögin voru senda á Heilbrigðiseftirlitið síðasta vor til yfirlestrar.

e. Ruddakrókur

Rafvirkjar eru að klára að tengja lokann. Að því loknu þarf að ganga frá tengingum við Neistastaði. Vertaki í vatnsveitu er meðvitaður um hvað þarf að gera til að klára þessar framkvæmdir.

Nefndin leggur áherslu á að þetta verði klárað í haust og felur Berki Brynjarssyni að sjá til þess að það verði gert.

f. Kerfismynd vatnsveitu

Nefndin óskar eftir kerfismynd af vatnsveitunni.

Berki Brynjarssyni falið að skila inn kerfismynd af vatnsveitunni til sveitarstjóra og formanns nefndarinnar.

3. Vatnsveita

a. Mýrar

Eftir skoðun á máli er varðar stofnlögn í gegnum land Mýra var ákveðið að stofnlögn yrði ekki færð í sameiginlegan lagnaskurð innan svæðisins. Unnið er að gerð skjals um kvaðir vegna lagna og viðhalds/endurnýjunar lagna innan svæðisins sem hver og einn landeigandi þarf að skrifa undir og því þinglýst á hvert landnúmer. Verði andstaða landeigenda við að undirrita slíkar kvaðir þarf sveitarstjórn að fara fram á það deiliskipulagi svæðisins verði breytt.

Nefndin ítrekar mikilvægi þess að þess verði gætt við afgreiðslu skipulagsmála að kvaðir um lagnir séu í deiliskipulagi eða í skipulagsgreinargerð.

b. Krókur-Skyggnir

Búið að leggja lögn frá Króki og að Hróarsholtsafleggjara líkt og áætlanir gerðu ráð fyrir.

c. Súlur

Vatnsveitulagnir komnar á staðinn en framkvæmdir ekki hafnar. Verktaki í vatnsveitu fer í þetta verkefni um leið og aðrir veituaðilar eru klárir.

d. Nýtengingar í sumar

Sótt hefur verið um nokkrar nýtengingar vegna nýbygginga og hafa verktakar í vatnsveitu sinnt þeim í samráði við Pálma Þormóðsson og sveitarstjóra. Reglur og gjaldskrá vatnsveitu Flóahrepps gera ráð fyrir að umsækjandi hafi greitt fyrir tenginguna áður en hún er framkvæmd.



e. Vöktunarkerfi vatnsveitu

Búið að tengja saman dæluhúsin í Þingborg og við Neistastaðir. Starfsmaður Eflu og Guðmundur Daníelsson hjá Flóaljósi eru að vinna að verkefninu.

4. Önnur mál

a. Samúelslind

Fyrirspurn frá oddvita um hvort borað hafi verið í Samúelslind og hvort möguleiki sé að nýta þá lind inn í vatnsveituna okkar til að draga úr vatni sem fengið er frá Árborg. *Nefndin leggur til að skoðað verði hvort hægt sé að ná vatni úr lindinni. Börkur Brynjarsson skoði málið með verktaka.*

b. Þjórsárver

Farið yfir stöðu mála.

c. Þingborg íbúðabyggð

Efla vinnur að gerð útboðsganga en sveitarfélagið hefur lagt áherslu á að úboðið fari út á allra næstu vikum. Hitaveita Hraungerðishrepps hefur aðkomu að útboðinu og vinnur að þeim málum sem snúa að hitaveitu með Eflu.

Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 16. september í Þingborg.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra